



Í leit að húsnæði fyrir tæknisetur

Sprotafyrirtækið Skema leitar nú að hentugu húsnæði fyrir starfsemi sína eftir að hafa verið með aðstöðu í Háskólanum í Reykjavík frá stofnun árið 2011. Ástæðan er tvíþætt: 1) þurfum aðstöðu sem við höfum fulla stjórn á og getum bókað að vild til að geta stækkað, 2) samningur við HR rennur út á þessari önn og er skólinn markvisst að eyða út sínum tölvustofum m.a. í ljósi aukinnar tölvueignar hjá nemendum.

Þátttaka í erlendum viðskiptahraðli í menntahluta Kaplan TechStars

Skema er enn lítið sprotafyrirtæki sem þó hefur náð að stimpla sig inn á erlendum markaði og er móðurfélag þess, reKode Education, fyrst íslenskra fyrirtækja til að taka þátt í bandaríska viðskiptahraðlinum Kaplan TechStars sem nú stendur yfir í New York. Ætlunin er í tengslum við prógrammið, sem lýkur 22. október n.k., að fullmóta og fullklára upphaflegu hugmyndina um tæknisetur hér á Íslandi og yfirfæra hana í framhaldinu yfir á erlenda markaði.

Þrátt fyrir þökkalega gott gengi hingað til þá er fyrirtækið ekki enn komið á þann stað að geta staðið undir hárrí leigu og tengdum kostnaði. Því ákváðum við að leita til ykkar hjá Hafnarfjarðarbæ í von um að þið búið yfir húsnæði sem þið gætuð séð fyrir ykkur sem tæknisetur næstu árin. Við hjá Skema ætlum okkur að halda ótrauð áfram við að aðstoða ráðuneyti, skóla og sveitarfélög við að innleiða rafræna kennsluhætti og notkun forritunarkennslu í skólastarfi og myndum glöð gera það í samstarfi við ykkur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Við ætlum okkur að taka þetta í skrefum og ætla okkur ekki um of og erum því á þessu stigi í leit að meðfylgjandi:

- Stærð 250 - 450 fm²
- Skrifstofurými fyrir 4-6 (+eldhúskrókur)
- 2-3 kennslustofur þar sem 20 tölvur rýmast í stofu
- Óþið leikrými / stúkað af
- Leiksvæði úti væri mjög mikill kostur
- Góð bílastæði
- Gott aðgengi með strætó

Meira um Skema

Fyrirtækið Skema ehf var stofnað árið 2011 af Rakeli Sölvadóttur, tölvunarfræðingi og þáverandi nema í sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Frá stofnun hefur

fyrirtækið tekið á móti rétt tæplega 3000 ungmennum á aldrinum 6-16 ára á námskeið í grunnforritun, leikjaforritun, Minecraft, vefsmíði og Unity 3D. Samhliða hefur fyrirtækið unnið markvisst að því að aðstoða grunnskóla landsins við að innleiða forritunarkennslu í stundaskrá auk þess að sjá um grunnkennslu á spjaldtölvur í samvinnu við m.a. fyrirtæki sem sjá um sölu á tækjunum til að fylgja tækjainnleiðingu eftir og auka þannig líkur á því að innleiðing takist. Hjá Skema starfa í dag fjórir fastráðnir starfsmenn allt árið um kring, fimm starfsmenn og nemar í hlutastarfi auk 15 manna teymis aðstoðarkennara á aldrinum 8-16 ára sem sinna jafningjafræðslu á námskeiðum fyrirtækisins.

Dæmi um áhugaverða linka á síður og umfjöllun tengdri Skema:

- <http://www.skema.is/>
- <http://www.forritarar.is/>
- <http://www.skema.is/um-skema/frettir/nr/199>
- <http://www.vb.is/frettir/107595/>
- <http://www.visir.is/ungir-forritarar-fa-ad-heimsaekja-ccp/article/2014140518947>
- <http://www.vb.is/frettir/101250/>
- <http://www.fka.is/um/frettir/nr/91>